

Byggðamálaráð

Fundargerð 14. fundar byggðamálaráðs Fjarfundur haldinn 7. janúar 2021 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Orku- og veitumál.
2. Skýrsla ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar.
3. Endurskoðun byggðaáætlunar – næstu skref.
4. Starfsáætlun byggðamálaráðs fyrir árið 2021.

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Reinhard Reynisson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Orku- og veitumál

Páll Erland, Baldur Dýrfjörð og Sigurjón Kjærnested, fulltrúar Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja komu á fundinn kl. 13.00 og fóru yfir stöðu orkumála í landinu. Lýstu þeir yfir áhyggjum af orkuöryggi landsmanna ef fyrirhuguð áform stjórnvalda um friðlýsingar ganga eftir, þar sem gert er ráð fyrir að allt að 40% landsins verði friðlýst með einhverjum hætti. Fram kom að mikilvægt væri að taka tillit til byggða- og samfélagslegra þátta við slíka ákvarðanatöku.

Nokkrar umræðu urðu um málið, meðal annars um að mikilvægt væri að tengja endurskoðun byggðaáætlunar við nýja orkustefnu. Ráðsmenn þökkðu fyrir gagnlega kynningu og hvöttu Samorku til að senda ábendingar í gegnum samráðsgátt stjórnvalda, hvar grænabók um byggðamál mun liggja frammi til 25. janúar nk.

Fulltrúar Samorku fóru af fundinum kl. 13.45.

2. Skýrsla ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar

Ráðsmenn höfðu fengið senda árlega skýrslu ráðherra um framvindu byggðaáætlunar, en skýrslan var send Alþingi í desember sl. Verkefnisstjóri fór yfir helstu efnistöð skýrslunnar. Þar kemur m.a. fram að af 54 aðgerðum byggðaáætlunar eru 40 í vinnslu og 14 aðgerðum er þegar lokið.

3. Endurskoðun byggðaáætlunar – næstu skref

Grænabókin um byggðamál var lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda 29. desember sl. og opið verður fyrir umsagnir til 25. janúar nk. Næstu skref í endurskoðun byggðaáætlunar felast m.a. í því að samhæfa áætlunina eins og kostur er við aðrar opinberar stefnur og áætlanir, enda var það rauður þráður á öllum samráðsfundum haustsins að samhæfing væri mikilvæg. Verður það gert í nánú samráði við ráðuneyti og verður óskað eftir fundum með stjórnendum allra ráðuneyta, hvers um sig, á næstu vikum. Þá er hafinn undirbúningur að drögum að fimm ára aðgerðaáætlun. Stefnt er að því að fara annan samráðshring í febrúar þar sem m.a. verða kynntar tillögur að aðgerðum.

4. Starfsáætlun byggðamálaráðs fyrir árið 2021

Fyrir fundinum lágu drög að starfsáætlun byggðamálaráðs fyrir árið 2021, sem voru rædd. Verkefnisstjóra var falið að klára drögin og senda í skriflegt staðfestingarferli til ráðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.20.